

Heilbrigðiseftirlit
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Ársreikningur
2017

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

kt. 590184-0209

Efnisyfirlit

bls.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er rekið af Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt rekstrarreikningi er rekstrarniðurstaða eftirlitsins á árinu neikvæð sem nemur 33,8 millj. kr., en því er mætt með framlögum frá aðildarsveitarfélögnum, þannig að niðurstaða rekstrarreiknings ársins er 0 kr. og þar með er eigið fé eftirlitsins 0 kr. Heildareignir nema 20,6 millj. kr. í árslok og skuldir og skuldbindingar nema 20,6 millj. kr. en þar af nema fyrirframinheimtar tekjur 4,2 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis staðfesta hér með ársreikning eftirlitsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Garðabæ, 26 / 3 2018.

Í stjórn:

Jón Ólafsson
Björn Þórðursson
Jón Björn Þorleifsson
Ólava Ásgeir Þórhildur
Guðrún Þórhildur

Framkvæmdastjóri:

Gudmundur Ó. Eimansson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstremisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð féluginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef síkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem ádur geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2 mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. mars 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Hundaeftirlit	Heilbrigðiseftirlit	Samtals	Fjárhagsáætlun
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld		19.727.026	66.111.271	85.838.297	89.000.000
Leyfisgjöld		3.370.695	8.267.500	11.638.195	9.350.000
Aðrar tekjur		532.960	9.969.871	10.502.831	7.050.000
		23.630.681	84.348.642	107.979.323	105.400.000
Rekstrargjöld					
Heilbrigðisnefnd	4	697.127	3.652.074	4.349.201	3.500.000
Laun og starfsmannakostnaður	4	12.031.248	86.542.129	98.573.377	103.100.000
Lífeyrisskuldbinding	7	0	253.188	253.188	0
Uppgjör við Brú, Ífeyrissjóð	8	0	4.937.791	4.937.791	0
Húsnaðiskostnaður		869.178	4.925.344	5.794.522	6.700.000
Skrifstofukostnaður		1.111.000	3.326.157	4.437.157	3.600.000
Tölvukostnaður		931.541	1.250.883	2.182.424	1.900.000
Akstur		474.845	2.594.935	3.069.780	4.300.000
Funda- og fræðslukostnaður		65.272	369.877	435.149	900.000
Aðkeypt þjónusta		703.876	10.731.173	11.435.049	11.700.000
Annar rekstrarkostnaður		5.336.194	1.691.401	7.027.595	9.000.000
		22.220.281	120.274.952	142.495.233	144.700.000
Rekstrrafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjaida		1.410.400	(35.926.310)	(34.515.910)	(39.300.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur				835.255	0
Fjármagnstekjuskattur				(133.045)	0
				702.210	0
Rekstrarniðurstaða ársins				(33.813.700)	(39.300.000)
Fjármögnum					
Framlög aðildarsveitarfélaga				33.813.700	39.300.000
Niðurstaða ársins				0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Veltufjármunir:			
Handbært fé		17.318.238	12.086.141
Viðskiptakröfur		1.608.296	1.148.375
Fyrirframgreitt vegna uppgjörs við Brú, lífeyrissjóð	8	890.804	0
Aðildarsveitarfélög	5	743.993	4.096.054
	Eignir samtals	20.561.331	17.330.570
Eigið fé:			
Eiginfjárréikningur	6	0	0
Skuldbindingar:			
Lífeyrissjóðsskuldbinding	7	3.935.595	3.682.407
Langtímaskuldir:			
Brú, lífeyrissjóður skv. samkomulagi	8	841.102	0
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur v/heilbrigðiseftirlits		4.187.536	5.187.536
Næsta árs afborgun vegna samkomulags við Brú, lífeyrissjóð.....	8	4.987.493	0
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		6.609.605	8.460.627
	Skammtímaskuldir samtals	15.784.634	13.648.163
	Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals	20.561.331	17.330.570

Sjóðstreymsyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	6	0	0
Rekstrariðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældi:			
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	7	253.188	247.063
Skuldbinding vegna samkomulags við Brú, lífeyrissjóð		5.828.595	0
Veltufé frá rekstri		6.081.783	247.063
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		2.892.140	7.373.676
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(2.851.022)	(362.006)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		41.118	7.011.670
Handbært fé frá rekstri		6.122.901	7.258.733
Fjárfestingarhreyfingar			
Fyrirframgreitt vegna samkomulags við Brú, lífeyrissjóð	8	(890.804)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(890.804)	0
Hækkun á handbæru fé á árinu		5.232.097	7.258.733
Handbært fé í ársbyrjun		12.086.141	4.827.408
Handbært fé í árslok		17.318.238	12.086.141

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var stofnað af sveitarfélaginu Álfanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsþann 22. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Heilbrigðiseftirlitið tók yfir eldri heilbrigðiseftirlit fyrrgreindra sveitarfélaga.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum megin atriðum gerð eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Sundurliðanir

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun starfsmanna	78.301.783	69.144.667
Laun heilbrigðisnefndar	3.783.559	2.895.145
Mótframlag í lifeyrissjóð	13.709.467	12.029.455
Önnur launatengd gjöld	7.127.769	8.447.543
	102.922.578	92.516.810

Laun og launatengd gjöld greinast þannig í rekstrarreikningi:

Heilbrigðisnefnd	4.349.201	3.327.969
Laun og starfsmannakostnaður	98.573.377	89.188.841
	102.922.578	92.516.810

Í ársbyrjun voru 9 stöðugildi hjá félaginu en í árslok voru þau orðin 10. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 15,7 millj. kr. á árinu.

5. Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig

	Íbúafjöldi	Hlutfall	Framlag	Áætlun
Garðabær	15.230	19,2%	6.504.031	6.200.000
Hafnarfjarðarbær	28.703	36,3%	12.257.728	11.800.000
Kópavogsþær	35.246	44,5%	15.051.941	14.100.000
	79.179	100,0%	33.813.700	32.100.000

Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2017
Eigið fé 1.1.2017	0
Rekstrarniðurstaða ársins	(33.813.700)
Framlag Garðabæjar	6.504.031
Framlag Hafnarfjarðarbæjar	12.257.728
Framlag Kópavogsþær	15.051.941
Eigið fé 31.12.2017	0

7. Skuldbindingar

Á heilbrigðiseftirlitinu hvílir skuldbinding hjá Eftirlaunajóði starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar vegna tveggja starfsmanna eftirlitsins og er áætlað að skuldbinding þessi nemi 3,9 millj. kr. í árslok. Breyting á skuldbindingunni sundurliðast þannig á árinu:

Flutt frá fyrra ári	3.682.407
Gjaldfærð hækkun á árinu	253.188
Staða 31.12.2017	3.935.595

Skýringar frh.:

8. Uppgjör við Brú, lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga

Pann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga hins végars með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Hlutur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis í samkomulaginu við Brú, lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga koma eftirfarandi liðir:

Framlag í jafnvægissjóð	3.859.006
Viðbótar iðgjald vegna framlags í lífeyrisaukasjóð	1.052.023
Framlag í varúðarsjóð	917.566
Heildarskuldbinding eftirlitsins vegna samkomulags við Brú, lífeyrissjóð	5.828.595
<hr/>	
Skammtímahluti samkomulagsins er eftirfarandi:	
Til greiðslu á árinu 2018 vegna gjaldfærslu á árinu 2017	4.937.791
Til greiðslu á árinu 2018 vegna gjaldfærslu á árinu 2018	49.702
Næsta árs afborgun af samkomulagi við Brú, lífeyrissjóð	4.987.493
<hr/>	
Langtímhahluti samkomulags við Brú, lífeyrissjóð	841.102